
Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

20. fundur Stjórnar B.S. bs. haldinn fimmtudaginn 11.maí 2017

kl. 15:00 í fundarsal B.S. bs. á slökkvistöðinni í Sandgerði.

Mættir eru: Friðjón Einarsson, Ingþór Guðmundsson, Gísli Heiðarsson, Sigrún Árnadóttir, Jóhann S. Sigurbergsson, Jón Guðlaugsson slökkviliðsstjóri og Sigurður Skarphéðinsson varaslökkviliðsstjóri. Birgir Örn Ólafsson boðar forföll og varamaður, Ingþór Guðmundsson mætir í hans stað..

Fundargerð.

Formaður setur fundinn.

Mál:

1. Útboð á sérteikningum að nýrri slökkvistöð.
 - Formaður fór yfir ferlið sem hefur verið í gangi með teikningar af nýrri slökkvistöð, Jón tók við og fór yfir að núna er komin yfirlit yfir sérteikningar sem á eftir að gera og útboðsgögn og hvernig hugsanlegt útboðsferli gæti verið.
 - Stjórn samþykkir að fela slökkviliðsstjóra að fara í útboðferli með verkfræðihönnun í samvinnu við Ríkiskaup.
2. Þriggja mánaða uppgjör.
 - Jón skýrir út uppgjör fyrstu þriggja mánaða 2017 í rekstri BS bs.
 - Lagt fram til kynningar.
 - Afkoma í samræmi við fjárhagsáætlun.
3. Skýrsla slökkviliðsstjóra.
 - Þjálfun nýrra starfsmanna er nú lokið og eru þau öll komin til starfa.
 - Langur laugardagur var haldinn síðasta laugardag en það er stór æfingardagur sem haldinn er árlega og var í þetta sinn æft stórt umferðarslys/rútuslys. Einnig var reykköfun og vatnsöflun æfð á æfingarsvæði BS bs. við Hafnaveg.
 - Nú erum við á öðru ári frá því að byggðasamlagið var stofnað og er hægt að fullyrða að það sé að ganga vel. Uppbygging gengur vel og er reksturinn að ganga vel og samkvæmt áætlunum.
4. Önnur mál.
 - Starfsmannamál

Fundi slitið kl. 15:50